

177. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 27. febrúar 2020, í Stykkishólmi

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Róbert Arnar Stefánsson, Magnús A. Sigurðsson, Ragnhildur Sigurðardóttir, Karl Kristjánsson, Eyjólfur Bjarnason.

Fundarritari: Theódóra Matthíasdóttir (TM)

Formaður setti fund kl. 10:30.

Kynning frá Vör/Hafrannsóknastofnun

Afgreiðsla:

Jóhann Garðar Þorbjörnsson og Jónína Herdís Ólafsdóttir líffræðingar hjá Hafrannsóknastofnun í Ólafsvík og Vör Sjávarrannsóknasetri mættu á fundinn og kynntu rannsóknir sínar á vistfræðilegu hlutverki strandsjávarbúsvæða á Breiðafirði en Breiðafjarðarnefnd styrkti hluta af því verkefni. Jóhann og Jónína kynntu þróun á aðferðafræði við slíkar rannsóknir á svæðinu en ákveðin þekkingareyða er varðandi vistfræði þessara svæða vegna þess að þau er erfitt að nálgast með stórum rannsóknaskipum. Það eru þó vísbendingar um að svæðin eru mikilvæg fyrir lífríki, til dæmis sem uppeldissvæði fyrir fiskungviði. Rannsóknin er hugsuð sem grunnur að vöktun á svæðinu og er verkefni sem tækifæri væri á að útvíkka og vinna á stærri skala.

Styrkurinn frá Breiðafjarðarnefnd nýttist í tækjakaup (myndavél, ljós og ramma) til þess að kortleggja búsvæði á rannsóknasvæðinu. Sumarið 2018 var nýtt til þess að prófa rannsóknaaðferðir og leiddu þær í ljós að það gæfi réttastar niðurstöður að nota 10 m strandnót og lagnet samtímis til að fá sem besta heildarmynd af fiskasamfélögum á strandsvæðum. Árið 2019 var farið í leiðangur með nót og lagnet. Búsvæði voru kortlögð með myndavélum og nú er unnið að úrvinnslu þeirra gagna sem aflað var. Langtímaframtíðarsýn er að búa til gróðurkort af firðinum.

Jónína kynnti fræðsluefni um fjörur sem þau hafa unnið í samstarfi við Svæðisgarðinn Snæfellsnes með styrk frá Breiðafjarðarnefnd. Um er að ræða tvíblöðung sem meðal annars er byggður á fjöruvísí Erlings Haukssonar. Fjallað er um fjöruna almennt og undirbúning fjöruferða, frætt um sjávarföll og grein gerð fyrir nokkrum tegundum fjörugerða. Tvíblöðungurinn verður birtur á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar auk þess sem honum verður dreift á Snæfellsnesi.

Breiðafjarðarnefnd þakkar Jóhanni og Jónínu fróðlega kynningu og mun fylgjast með áframhaldandi rannsóknum Hafró og Varar á Breiðafirði.

Fundargerð 176. fundar

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fjármál 2020

Farið yfir fjármál nefndarinnar.

Afgreiðsla:

Misvísandi upplýsingar hafi borist frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu varðandi yfirfærslu fjárheimilda á milli ára. Óska þarf eftir óyggjandi upplýsingum um stöðu fjármála nefndarinnar áður en lengra er haldið.

Farið yfir drög að tímabundnum þjónustusamningi á milli umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, Náttúrustofu Vesturlands og Breiðafjarðarnefndar. Ekki hægt að ganga frá samningnum þegar fjármál nefndarinnar eru ekki komin á hreint.

Drög að frumvarpi til laga um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða – umsögn Breiðafjarðarnefndar

Afgreiðsla:

Umsögn hefur verið send og verður birt á heimasíðu nefndarinnar undir „umsagnir“.

Erindi frá Ásgeiri Gunnari Jónssyni. Athugasemdir við kynningarfundir Breiðafjarðarnefndar um framtíð Breiðafjarðar og framgöngu, yfirlýsingar og stefnu nefndarinnar.

Erindi langt fram.

Afgreiðsla:

Nefndin þakkar Ásgeiri Gunnari erindið og áhuga á hugmyndum nefndarinnar um framtíð Breiðafjarðar.

Erindi frá Stykkishólmsbæ vegna athugasemda við kynningarfundir Breiðafjarðarnefndar um framtíð Breiðafjarðar og framgöngu, yfirlýsingar og stefnu nefndarinnar.

Erindi langt fram.

Á 384. fundi bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar var tekið fyrir erindi Ásgeirs Gunnar Jónssonar þar sem hann kemur á framfæri athugasemdum við kynningarfund Breiðafjarðarnefndar um framtíð Breiðafjarðar. Á fundinum var lögð fram eftirfarandi bókun:

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar þakkar bréfitara fyrir að vekja athygli bæjarstjórnar á málinu. Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar tekur undir með bréfitara um mikilvægi þess að ítarlegt og víðtækt samráð og samtali sé viðhaft við íbúa Breiðafjarðar, sem og sveitarfélög við fjörðinn, varðandi breytingar á lögum um vernd Breiðafjarðar, líkt og gert var þegar upphafleg lög voru sett árið 1995, þá eftir um tveggja ára vinnu og samráð við heimamenn um lögin. Vill bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar leggja þunga áherslu á að tryggt sé við allar breytingar á lögum að fulltrúar sveitarfélaganna séu áfram með meirihluta í nefndinni, til að gæta hagsmuna íbúa og svæðisins, enda best til

Þess fallnir, líkt og ágætlega er farið yfir í meðfylgjandi erindi. Minnir bæjarstjórn jafnframt á mikilvægi þess að samráð sé haft við sveitarfélögin í störfum nefndarinnar líkt og lögin gera ráð fyrir.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd þakkar Stykkishólmsbæ erindið og tekur heilshugar undir bókunina. Vegna bréfs Ásgeirs Gunnars vill nefndin koma eftirfarandi á framfæri við sveitarfélögin við fjörðinn:

Breiðafjarðarnefnd er að meirihluta skipuð fulltrúum sveitarfélaga við fjörðinn. Hún telur mikilvægt að hafa náíð samráð við sveitarfélög, íbúa, atvinnulíf, landeigendur og aðra hagsmunaaðila við Breiðafjörð um mótun framtíðar svæðisins. Nefndin hefur samþykkt að á árinu 2020 verði lögð áhersla á samantekt efnis um valkosti fyrir framtíð Breiðafjarðar. Fræðslufundir í sveitarfélögunum við fjörðinn eru hluti af þeirri vinnu en samráð og samtal heldur svo áfram. Afrakstur vinnunnar verður tekinn saman í greinargerð sem send verður sveitarfélögunum til umsagnar. Að lokum verður niðurstöðu vinnunnar skilað til umhverfis- og auðlindaráðherra. Rétt er að áréttu að nefndin tekur engar ákvarðanir um framhaldið en hún leggur fram sínar tillögur til ráðherra, í samræmi við hlutverk nefndarinnar skv. lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar.

Framtíð Breiðafjarðar

Markmið nefndarinnar er að tryggja góða framtíð Breiðafjarðar. Í því felst m.a. að við fjörðinn þrífist áfram öflugt samfélag sem byggir á fjölbreyttum stoðum og nýtir auðlindir á sem sjálfbærastan máta. Breiðafjarðarnefnd leggur höfuðáherslu á að heimamenn hafi áfram ríka aðkomu að stjórnun svæðisins og eigi meirihluta í þeim nefndum og ráðum sem mögulega koma að stýringu svæðisins.

Fræðslufundirnir sem nefndin hefur staðið fyrir í sveitarfélögum við fjörðinn, og er vísað til í erindi Ásgeirs Gunnars, voru hugsaðir sem almenn kynning á þeim kostum sem til staðar eru fyrir svæðið. Þeir helstu eru að: a) endurskoða núverandi lög, b) tilnefna svæðið á Ramsarskrá, c) tilnefna svæðið á heimsminjaskrá UNESCO eða d) gera svæðið að þjóðgarði. Á fundunum hefur nefndin hvatt til umræðna og fyrirspruna til þess að sem flest sjónarmið kæmst til skila til nefndarinnar. Það er ljóst, óháð því hvaða leið verður í endanlegum tillögum nefndarinnar, að lagt verður í enn frekari kynningu og samráð um hana þegar þar að kemur.

Endurskoðun laga um vernd Breiðafjarðar

Ef niðurstaðan verður að hafa svæðið áfram undir sérstökum lögum um vernd Breiðafjarðar, þá er Breiðafjarðarnefnd þó á einu máli um mikilvægi þess að endurskoða og uppfæra lögin til nútímalegs horfs. Nefndin hefur þegar sent umhverfisráðherra greinargerð þar sem að hún útlistar áhersluatriði nefndarinnar hvað þetta varðar.

Greinargerðin hefur verið birt á heimasíðu nefndarinnar undir liðnum „Framtíð Breiðafjarðar“.

Þjóðgarður við Breiðafjörð

Verði niðurstaða nefndarinnar að leggja til við ráðherra að stofna þjóðgarð í Breiðafirði og ráðherra héldi áfram með málið er óvíst að Breiðafjarðarnefnd kæmi að þeirri vinnu. Við stofnun þjóðgarða nú á tímum er lögð áhersla á að útfærsla, skipulag og uppbygging þjóðgarða sé unnin í nánú samráði við sveitarfélög, íbúa, atvinnulíf, landeigendur og aðra hagsmunaaðila á svæðinu. Um þjóðgarða eru smíðaðar verndar- og nýtingaráætlanir þar sem lögð er áhersla á að finna samhljóm allra hagsmunaaðila. Nokkuð víst er að stuðst yrði við svipað stjórnskipulag og er í Vatnajökulspjóðgarði, þar sem heimamenn eiga meirihluta í nefndum og ráðum sem taka stefnumótandi ákvarðanir um svæðið.

Þjóðgarður er fyrirkomulag sem veitir meðal annars tæki til þess að stýra umferð ferðamanna um Breiðafjarðarsvæðið en sú breyting á náttúruverndarlögum nr. 60/2013, þar sem lagt er til að landeigendur hafi meiri rétt til að ákveða hvort land þeirra í byggð sé nýtt undir endurteknar skipulegar hópferðir í atvinnuskyni, dugar ekki til skilvirkar stýringar.

Breiðafjörður á Ramsarskrá

Ramsarsamningurinn var upphaflega gerður til þess að tryggja sjálfbæra nýtingu auðlinda á votlendissvæðum. Það er því ljóst að skráning á lista yfir Ramsarsvæði hefði ekki þau áhrif að lokað yrði fyrir nýtingu. Skráning felur aftur á móti í sér að stjórnvöld skuldbinda sig til þess að standa vörð um svæðið, sérstaklega virkni og þjónustu vistkerfa. Lög viðkomandi ríkis gilda þó ávallt, svo sem skipulagslöggjöf og lög um náttúruvernd. Svæðið myndi ekki afsala sér réttindum á landi og stjórnun þess en skrifstofa samningsins gæti veitt stuðning og ráðgjöf varðandi stýringu svæðisins. Ef til þess kæmi að framkvæmdir á svæðinu myndu skerða verulega verndargildi þess gætu athugasemdir borist frá samningnum. Það gæfi stjórnvöldum tækfæri til að bregðast við eða þá að svæðið yrði tekið af skránni.

Breiðafjörður á heimsminjaskrá

Til þess að svæði sé gjaldgengt á heimsminjaskrá UNESCO þarf því að vera stýrt á skilvirkan hátt og um það þarf að gilda formleg verndar- og nýtingaráætlun. Slíka áætlun er ekki hægt að vinna öðruvísi en í nánú samráði við sveitarfélög, íbúa, landeigendur, atvinnulíf og aðra hagsmunaaðila. Skráning svæða á heimsminjaskrá er alþjóðlega viðurkennd aðferðafræði sem þekkt er um allan heim og setur svæðið á ákveðinn stall með merkilegustu náttúru- og menningarminjum heimsins, sem sérstök heimasíðuð lög um verndun gætu aldrei gert. Um svæði á heimsminjaskrá UNESCO gildir það sama og um Ramsar að stjórnun svæðisins yrði áfram hjá heimaþólki en stuðningur og ráðgjöf fylgdi skráningunni.

Að gefnu tilefni vill nefndin áréttta að hún lítur svo á að óháð því hvaða leið verður valin, muni lög um stjórn fiskveiða áfram halda gildi sínu og stjórn og eftirlit með fiskveiðum verða áfram í höndum Hafrannsóknastofnunar og Fiskistofu.

Breiðafjarðarnefnd telur að það hefði verið vanhugsað af nefndinni að einblína aðeins á endurskoðun laga um vernd Breiðafjarðar. Nefndin kaus heldur að nýta tækifærið og skoða alla kosti sem til staðar eru og leita álits um þá áður en lengra er haldið.

Erindi frá Framfarafélagi Flateyjar. Ósk um kynningu á aðalfundi þann 7. mars.

Framfarafélag Flateyjar hefur óskað eftir stuttri kynningu á hugmyndum Breiðafjarðarnefndar um framtíð fjarðarins.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd fagnar áhuga á málefnum verndarsvæðisins og mun senda fulltrúa á fundinn.

Erindi frá Sambandi eigenda sjávarjarða. Ósk um kynningu á aðalfundi 8. mars.

Framfarafélag Flateyjar hefur óskað eftir stuttri kynningu á hugmyndum Breiðafjarðarnefndar um framtíð fjarðarins.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd fagnar áhuga á málefnum verndarsvæðisins og mun senda fulltrúa á fundinn.

Erindi frá Byggðasafni Snæfellinga og Hnappdæla: styrkbeiðni.

Óskað er eftir styrk vegna útiskiltasýningar, *Miðstöðvar og mangarar í Breiðafirði.*

Afgreiðsla:

Erindi frestað þangað til fjármál nefndarinnar fyrir árið 2020 eru komin á hreint.

Framtíð Breiðafjarðar

Farið yfir punkta frá fræðslufundum um framtíð Breiðafjarðar sem haldnir voru í Snæfellsbæ, Grundarfirði og Stykkishólmi.

Afgreiðsla:

Stefnt er að næstu fræðslufundum um framtíð Breiðafjarðar í Búðardal og á Reykhólum þann 24. mars. Athugað verður með fræðslufund í Vesturbyggð seinni hluta apríl og um leið óskað eftir fundi með bæjarstjórn Vesturbyggðar.

Framkvæmdaáætlun Breiðafjarðarnefndar 2020-2021.

Drög lögð fram.

Afgreiðsla:

Samþykkt og verður birt á heimasíðu nefndarinnar.

Bæklingur um öryggi og umgengni

Drög lögð fram.

Afgreiðsla:

Samþykktur til prentunar með minniháttar athugasemdum.

Staða kostaðra og styrktra verkefna

- Öryggis- og umgengnisbæklingur, Náttúrustofa Vesturlands og Anok.
 - Samþykktur til prentunar.
- Fornminjakort í Flatey, Fornleifafélag Barðstrendinga og Dalamanna.
 - Athugasemdir Breiðafjarðarnefndar hafa verið sendar til Fornleifafélagsins sem er að leggja lokahönd á hönnun.
- Mat á búsvæðanýtingu fiskseiða á innanverðum Breiðafirði, Rannsóknasetur HÍ á Vestfjörðum.
 - Í vinnslu. Anja Nickel, doktorsnemi, er að vinna handrit til birtingar byggt á þeim gögnum sem safnað var. Skýrslunni verður skilað samhliða þeirri grein.
- Vistfræðilegt hlutverk strandsjávárþúsvæða á Breiðafirði, Vör sjávarrannsóknasetur.
 - Lokið. Sjá kynningu frá fulltrúum Varar hér að ofan.
- Örnefnaskráningar 2020, Náttúrufræðistofnun Íslands.
 - Verkefni hefur verið skilgreint og er hafið. Skil áætluð í nóvember 2020.
- Fjöruvísir – gerð kennsluefnis, Svæðisgarður Snæfellinga og Vör sjávarrannsóknasetur.
 - Nánast lokið sbr. kynningu hér að ofan.

Næsti fundur:

Áætlaður í Vesturbyggð 20. apríl og 21. apríl.

Fundi slitið kl. 15:18